# Bréf og skjöl fátækramála 1905-1908

Aðfnr. 1017, örk 7

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

þurfam. st. 120 kr. árið. – Fundur 13/4. 05: Synjað.
húsaleigi – 4 um mán. –

Þann 14 apríl árið 1905.

Reykjavík Pósthússtræti № 17.

Ég undirritaður vil fara þess á leit, við hina heiðruðu Fátækranefnd, Reykjavíkur, hvort hún ekki vilji vera svo góð, og bæta við það meðlag sem við höfum 6 krónum svo það alls verði 20 krónur sem ég fæ um mánuðinn frá 1 maí næstkomandi, því við getum ómögulega lifað af þeim 14 krónum sem við höfum áður haft um mánuðinn, því sjón mín er algjörlega svo farinn, að ég get ekkert verk gjört sem ég get haft mitt gott af

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og þareð heilsu konunnar
minnar er svo varið að hún
get þolir ekki að vinna neina
erfiðisvinnu.

Magnús Pálsson

Til Fátæksanefndar Reykjavíkur bæjar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 13/4. 05. – Synjað.

af því jeg sem er bla fátækur
og hef lítil ráð at vinnu enn
6 mansi heimili og gét ekki
borgað húsa leigu sem er 5 krónur
um mánuð inn frá 1 Oktáber 1904 til
til 14 Maí 1905 Verð eg að leita að stoðar
hinnar háttvirtu fátækrastjórna
og i að smikt biðja hana sem allra
first að veita mjer af fátækra
sjóð 37 kr 90 au til Jóns Helgasonar
svo jeg verði ekki borin ut

Laugaveigi 10 Apríl 1905

Auðmjúklegast

Guðjón Jónsson trjesm.

Tjernnd...

til fátækrastjórnarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 13/4. 05. – samþ. –

Till. bæjargjaldkera 15/4. 05.

Sigríði Þór. – g. il.

Frestað 23/3.

Vegna þess að jeg, sem er því nær hálfsextug að aldri, hefi allan þennan vetur verið mjög lasin, og frá síðastliðnu nýári nærstum altaf legið rúmföst, en er bláfátæk og hefi þar að auki að annast dóttur mína, sem er á 14. aldursári, leyfi jeg mjer auðmjúklega að biðja hina háttvirtu fátækrastjórn að veita mjer frá byrjun þessa yfirstandandi mánaðar og framvegis 2 króna mánaðarlegan húsaleigustyrk af fátækrasjóði.

Skólavörðustíg 17 (Litlaholti), Reykjavík, 23. marz 1905.

Auðmjúklegast.

Sigríður Þórólfsdóttir.

Til

fátækrastjórnarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Med. 24/3. – Fundi 13/4. 05. – Synjað. Svar: 15/4. 05.

Eg undirskrifaður leyfi mér hérmeð vindingarfyllst að beiðast leyfis hinnar háttvirtu bæjarstjórnar til að setjast að í húsmensku í Reykjavík á komandi vori. – Eg leyfi mér að leggja hérmeð vottorð um efnahag minn o. fl.

Loforð fyrir húsnæði hef eg fengið hjá herra Jóni Guðmundssyni, Bræðraborgarstíg No 19. Frímerki fylgir undir væntanlegt svar.

Einifelli í Stafholtstungum 17. marz 1905

Virðingarfyllst

Tómas Guðmundsson

Til bæjarstjórnarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fólk það sem mér verður áhangandi er kona mín og dóttir 8 ára gömul.

Tómas Guðmundsson

Svar 15/4.05:

Ástæður nefndarinnar fyrir synjaninni eru, að þér hafið verið dæmdur og þolað vatns- og brauð-hegningu fyrir þjófnað, að þér eða minnsta kosti fólk yðar hefur nýlega verið riðið við þjófnaðarákærumál, sem á þennan veg er álitið nokkuð ískyggilegt, og að efnahagur yðar er þannig lítilfjörlegur, þó að þér verðið ekki fjelaus-kallaður."

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Við undirskrifaðir vottum hérmeð að Tómás bóndi Guðmundsson á Fíni-felli er reglumaður og ráðdeildarsamur, og að hann á, auk klæðnaðar fyrir sig og skuldalið sitt, að minsta kosti 650 króna virði í skuldlausu í skepnum og dauðum munum.

Arnarholti og Stafholti 17. marz 1905

Sigurður Þórðarson Jóhann Þorkelsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

til athug.

Reykjavík 15. d. april mán. 1905.

Hann. Hafliðason lofar að sjá um að tala við þá bræður. –

11/5. fengið ábyrgð fyrir skuldinni. –

Áður en jeg, samkvæmt beiðni hinnar heiðruðu fátækranefndar í brjefi dags. í dag, kref framfærsluhrepp Kristínar Guðmundsdóttur, Vestur Landeyjahrepp um endurgjald fyrir húsaleigustyrk þann Kr. 6,50 er hún hefur nýlega þegið af fátækrafje, vil jeg leyfa mjer að leiða athygli nefndarinnar að því, að Kristín á hjer 2 uppkomna og einhleypa syni, prentarana Hafliða og Frímann Bjarnasyni, og að líklegt er að þeir mundu borga nefnda upphæð fyrir móður sína, einkum fyrir þá sök, að hreppsnefnd Vestur-Landeyjahrepps hefur fyrir nokkru

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um árum krafist að Kristín yrði
tafarlaust send austur í sveit sína,
ef hún þyrfti að þiggja nokkurn
styrk hjer af bæjarsjóði, en jeg veit að
Kristínu er þvernauðugt að fara austur,
og verður að gjöra ráð fyrir að synir
hennar vilji stuðla til þess að ekki
þurfi að hrekja hana hjeðan, enda eru
þeir að lögum skyldir að annast móður
sína og verða að teljast færir um það. —

Halldór Daníelsson

Til
bæjarstjórnarinnar
Rvík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 13/4.'05. – Greiðsla samþykt.
Sm. bæjarfóg. tilkynning 15/4.05.
(endurgjalds ~~krafist~~)

## Vestur – [illegible]

Á síðast liðnum vetri, komu til mín tveir fátækranefndar menn Reykjavíkur, herra Gunnlaugur Pjetursson og herra Þórður Narfason, með orðsending frá Bæjarfógeta, um, að leyfa ekkju Kristínu Guðmundsdóttir, er þá leigði í húsi mínu, að hún fengi að vera kyr til 14. maí 1904, þó hún gæti ekki greitt húsaleiguna, vegna hennar veikinda og leyfði jeg það: með góðu trausti til nefndra manna, að þeir sæju mjer fyrir borgun á því er kinni að standa eptir, af húsleigunni við burtför hennar. Þegar hún fór úr húsinu 14. maí f. l., stóð eptir af húsaleigunni Kr. 16.50, er hún þá hafði gáð orð um greiðslu á bráðlega; það hefir en ekki orðið, þrátt fyrir þó hún hafi verið krafin. Af þessu sem áður er frá skýrt, leyfi jeg mjer hjermeð, að snúa mjer til erar háttvirtu fátækrastjórnar Reykjavíkur, að hún hlutist til um, að mjer verði greidd nefnd skuld. Virðingarfyllst.

Reykjavík 30. marz 1905.

Jón Árnason frá Garðbauka

Að við undirskrifaðir höfum beðið herra Jón Árnason um að leifa henni (Kr. G. d.) að vera í húsum hans gegn tryggingu fátækra sjóðs.

vottar
Gunnlaugur Pjeturs son
Þórður Narfason

NB:
Kristín Guðmundsdóttir segir að skuldin sje ekki nema 11 Kr.
Kr. J.

Til
fátækrastjórnar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK. Tillynnst fátækranefnd 11/5. 05.

Reykjavík 1. d. Maí mán. 1905 (bjeden Bjarna Jónsson)

Stjórnarráðið hefur 29. f. m. skrifað mjer á þessa leið:

„Eptir móttöku brjefs yðar, herra bæjarfógeti dags. 3. febr. þ. á. þar sem þjer fóruð þess á leit að stjórnarráðið hlutaðist til um innheimtu á meðlögum frá Adolf Hermann Carlsson í Kaupmannahöfn með 2 börnum hans og Guðríðar Einarsdóttir, skrifaði stjórnarráðið yfirborgstjóranum í Kaupmannahöfn í þessu skyni, en hann hefur nú endursent brjefið hingað með áritunum sem sýna að nefndur Adolf Hermann Carlsson hefur eigi fundist. Er yður hjermeð sent brjefið og jafnframt endursendast yður 2 úrskurðir yfirborgstjórans svo og lífsvottorð barnanna er fylgdu ofannefndu brjefi yðar."

Þetta gefst hinni heiðruðu fátækranefnd hjermeð til vitundar.

Halldór Daníelsson.

Til
Fátækranefndarinnar
í Reykjavík.

Carlsson skrifar Guðr. Einarsd. hinn 30. apríl þ. á. og er þá í Höfn. –
Adr. síðasta: Borgergade 100, 4 Sal.

Sk. bæjarfógeta um þetta 26/5. 05.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 11/5.05.
—.E.—

12/5. 05. Till. Sigurðs Kapt.
d. d. —.. bæjargjaldkera.
—.:—

Eins og kunnugt er varð maður minn Einar Eyjólfsson bráðkvaddur 16. f. m., og eptirljet sjer 3 börn okkar á ómagaaldri; hið elzta þeirra 8 ára, annað 5 ára og hið yngsta þeirra 4 mánaða gamalt, en heimili okkar gjörsnautt og bjargarlaust, og hefi jeg því ekkert við að styðjast til lífsframfæris mjer og þessum börnum okkar nema vinnulaun sonar míns, er jeg átti áður en jeg giptist, — sem nú er 17 ára gamall, og er nú í búð hjá kaupmanni Th. Thorsteinsson, og fær 30 kr á mánuði í laun; en nokkru af þeim launum verður hann að verja sjer til fæðis, klæðnaðar og skófatnaðar. Jeg er því knúð til þess nú þegar að leita hjálpar hinnar háttvirtu fátækrastjórnar, og auðmjúklega biðja hana að veita mjer af fátækrasjóði lífsframfærslustyrk handa ofannefndum 3 börnum mínum, sem jeg ekki get komizt af með að sje minni en 9 kr. á mánuði frá byrjun yfirstandandi mánaðar, auk þess 3 króna mánaðarlega húsaleigustyrks, sem við hjón að undanförnu höfum fengið af fátækrasjóði. Yrði þá hinn umbeðni fátækrasjóðsstyrkur minn alls 12 kr. á mánuði, sem jeg innilega óska að geta fengið útborgaðan hjá

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bæjargjaldkeranum. Að sjálfsögðu skuldbind jeg mig til að fara svo vel og sparsamlega með þennan styrk, sem mjer framast er auðið, því fegin vil jeg vera fátækrasjóðnum til svo ljettrar byrði, sem mjer er mögulegt.

Grettisgötu Nr 27 í Reykjavík, 10. maí 1905.

Auðmjúklegast.

Sigríður Ólafsdóttir.

Til

fátækrastjórnarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 11/5. 1905.

Reykjavík 9. maí 1905.

sas. Bjtn. 12/5. 05.

— . —

Hjer með dirfist jeg að beiðast þess að mjer verði veittur styrkur úr fátækrasjóði Reykjavíkur, af þeim ástæðum að jeg þoli ekki heilsunnar vegna að vinna neina erfiða vinnu, en sú atvinna sem jeg hafði áður og jeg bjóst við að geta stundað hefur mjer algjörlega brugðist. —

En heimilisástæður mínar eru þannig að jeg hefi 11 manns í heimili 8 börn ...

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þaraf 2 á 1a ári (tvíburar)
á þriðja fjórða osfrv, og treisti
mjer ekki til að komast af
hjálparlaust hálslitill með
þessa fjölskyldu. —

Eins og nú er ástatt sje jeg
mjer ekki fært að komast
af með minna en 100 krónur
sem jeg treysti hinni heiðruðu
fátækranefnd að sjá til að mjer
verði veittar.

Reykjavík 9 maí 1905

Pjetur Hafliðason.

Til
fátækrastjórnar
Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sendur 11/5. 1905.
Sv. þ. St. 12/5. '05.

Þar sem Dóttursonur minn Friðbjörn Holm. sem er búsettur á Seyðisfyrði hefur boðið mjer að koma til sín algjört og vera hjá sjer það sem Eptir er æfinnar þá hefi eg afráðið að fara austur til hans núna með Ceris þegar hún fer þ 21 þ.m. því þar eg er orðin svo að vera alveg uppá aðra komin með alt þá vil eg ekki hafna þessu boði af svo gott sem mínu eigin barni, En til þess að komast austur þarf eg að fá hjálp og því er það bón mín til hinnar Heyðruðu Fátækranefndar að hún vildi svo vel gjöra og hjálpa mjer um 10 krónur í Fargjald og fæði á leyðinni

Vyrðingarfyllst

Laugaveg 52 — 9 Mai 1905

Þórður Stefánsson

Til
Fátækranefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 11/5. 05. – frestad. –
–.– 25/5. –.– – Sk. Dr. Láruri Benediktsson
26/5. '05. –

Samkvæmt hjálögðum leigusamningi dags. 28 ágúst 1904 milli mín sem húseiganda og Árna Árnasonar sem leigutakanda, fékk ég eiga fulla heimtingu á því að hann búi í húsi mínu nr. 33 á Skólavörðustíg til septemb. loka þ. á. en í þess stad hefur hann í sein astliðnum mánuði og nú fyrir skömmu komið til mín og látað mér því á miðan kurteislegan hátt að flytja burt úr húsinu 14. þ. m. ogær að sögu fluttur úr því nú með allt sitt.

Aðalástæður hans fyrir burtflutningi virtust mér vera þessar 2.

1. Að hann ætti kost á be til íbúðar ef hann tæki hann nú þegar.

2 Að hann ekki vildi að Þórður Sigurðsson legði afan á konu sinni vetri.

Þarsem nefndur Árni nýtur styrks af bæjar sjóði til að greiða húsaleigu og bæjargjald kemur samkvæmt því hefur bragað mér „þá ígildi þess, 5 kr. mánaðarlega uppi 8 kr. mánaðarlega hans, þá legg ég mér að tilkynna fátækra stjórninni þetta atferli Árna gagnvart mér og bið hana að gjöra það sem í hennar valdi stendur til þess að leigusamningurinn, sem Árni hefur samið af, fái staðið óhaggaður, án málsóknar af minni

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

háëfed gegn honum

Reykjavík 11. maí 1900.

Daníel Benediktsson

Til

fátækrastjórnarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 11/5. 05. f. 8/6. 05. – Leyft. – 9/6. 05. Skr. dómkirkjuprest[i]. –
13/5. skr. dómkirkjuprest[i] um frekari upplýsingar.
sjá hinsvegar.

Jóhannes Guðjónsson, 48 ára tómthúsmaður, Vesturgötu 46 hér, hefir beðið mig að fara þess á leit fyrir sína hönd við hina heiðruðu fátækrastjórn Reykjavíkur, að honum veitist leyfi til, að ganga að eiga ráðskonu sína Guðrúnu Þórðardóttur, 44 ára, en hann stendur í ógoldinni skuld við fátækrasjóð bæjarins, sem hann ekki treystist til að borga, og getur því ekki kvænst án leyfis fátækrastjórnarinnar. Þau eiga saman eitt barn, 14 ára. Svar heiðraðrar fátækrastjórnar óskast við fyrstu hentugleika.

Reykjavík, 9. Mai 1905
Jóhann Þorkelsson

Til fátækrastjórnar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1. Hvenær styrkur, og hver, og hve mikill
2. Kona - spurð, hver sveitlæg, hefur hún þegið sveitarstyrk, á hún fleiri börn.

Guðríður er fædd á Akranesi, kom hingað á 16. ári, og hefur verið hér einlægt síðan. Hefur verið vinnukona hjá Sigurði Þórðarsyni í Steinhúsinu, Frú Kristjönu Jónsdóttur, lækni Schjerbeck, og Jóhannessen kaupmanni. Frá honum fór hún til Jóhannesar Guðjónssonar og hafa þau síðan búið saman nú í 14 ár. — Þau hafa engan styrk þegið, síðan þau bjuggu saman, og hún kveð engan styrk hafa þegið með 2 börnum, er hún hefur átt með öðrum (Hansen [illegible] og Magnúsi Vigfússyni). —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Að Guðríður Þórðardóttir Vesturgötu 46. hjer í bænum eigi sveitarframfærslurjett í Reykjavík, vottast.

Bæjarfógetinn í Reykjavík 8. júní 1905.

Halldór Daníelsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundr 8/6. 05. – Leyft.
Tilk. Jóhanni 9/5. 05. – Bæjargjaldkera 5. des.

Hjer með vildi jeg undirskrifaður fara þessa leit við hina hátt virtu fátækra nemd. hvort hún mundi ekki leifa mér að setja niður kartöflur í Hólgarðs(?)ennu þá sem að bærinu á og sem er áföst. við lóð Guðjóns Björnssonar með Bræðra borgar stíg, og fyrir það vildi eg gjarnaam borga 2 – 3 krónur.

Svari þessu við víkjandi óska ég eftir sem fyrst

Virðingarfylst Reykjavík 8/6. – 05

Jónas Jónasson
trésmiður í hliðar húsum

til fátækra nefndarinnar
í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

26/5. '05. Skr. bæjarfóg. ítrek.
"að krefja Vatnsleysustrandarhrepp viðurkenningar"? –

31/10. '05. Skr. bæjarfóg. og reikn. sendur. –

f. 13/7. '05. – Skr. bæjarfóg. 15/7. '05.
29/9. 05. Enn skr. bæjarfóg. –
19/10. 05. Skr. bæjarfógeta og beðið um vegabréf. –
[Drengurinn með vegabréfi sendur 21/10. 05].
27/10. 05. Skr. ~~bæjargjaldkera~~ og beðið um reikn.

Eg hefi nú um nokkur ár séð um uppeldi drengsins Kristmundar Jónssonar, sem nú er 9 ára gamall, og hefir hann verið að öllu leyti á mínum vegum. Af því að kona mín hefir um mjög langan tíma legið rúmföst eða verið við rúmið og er svo enn, get eg ekki haft dreng þennan á heimili mínu og hefir mér verið ómögulegt að fá samastað fyrir hann annarstaðar. Eg er því neyddur til þess að sleppa hendi minni alveg af drengnum, og leyfi eg mér að mælast til þess að hin háttvirta fátækranefnd sjái svo um, að hann verði sendur nú þegar á framfærslusveit sína, sem er Vatnsleysustrandarhreppur.

Eg skal geta þess, að faðir drengs þessa var Jón Ingimundarson, fæddur í Minni-Vogum í Vogum, og drukknaði hann fyrir c. 7 árum austur á Norðfirði. Þá tók eg drenginn að mér og hefi séð um hann síðan. – Faðir hans mun hafa verið nær 30 ára, þega[r] hann drukknaði, og þó að hann flyttist ungur, 7-8 ára, úr Vogunum, þá hefir hann hvergi dvalið svo lengi, að hann hafi unnið sér sveitfesti.

Reykjavík, Laugaveg 58 B, 12. Mai 1905

Guðlaugur Ingimundarson

Til
fátækranefndar Reykjavíkur

Vertu[?]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Móðir drengsins, Gróa, mun dvelja á Seyðisfirði; hún og Jón Ingimund-son voru ektahjón, er Jón fórst, en drenginn áttu þau áður, en þau giftust. Jón Ingimundarson var bróðir minn.

Þ. u. s.

Guðlaugur Ingimundarson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 8/6. 05.

9/6. 05: Skr. príorinnunni; sjá húsvegar.

Reykjavik den 26 Maj 1905

Til

Herr Assessor Jónsson
Formand for Reykjaviks Fattigkommission

I Henhold til Deres Andragende om Nedsættelse af Prisen paa vort Hospital for Byens Fattige, der staa under Fattigvæsenet, tillader jeg mig at meddele Dem, at i Betragtning af, at Hospitalets vigtigste Formaal er at yde Islænderne og især ogsaa de fattige Islændere al den Hjælp, vi er i Stand til at yde, bevillige vi fra 1. Juli 1905 og saa længe Forholdene tillade det, ovennævnte Fattige Ophold og Forplejning for 1 Kr. daglig og for Brystsyge der ønskes indlagde paa Balkonværelserne 1,50 daglig. Forbindingssager kunne imidlertid ikke være iberegnede i denne lave Pris. Hvis den ærede Kommission ikke har noget at indvende derimod, vilde det være ønskeligt, at Beløbet for Patienter, der ligge i lang Tid kunde indbetales efter hvert Kvartals Forløb.

Med særdeles Højagtelse
Sr. Louise des Anges
Priorinde for St. Josephs Søstrene

Vertu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Den ærede Priorindes Skrivelse af 26. f. M., hvori De gjör det Tilbud ~~at~~ fra 1. Juli d. A. og saalænge Forholdene tillade det at modtage paa Deres Hospital i Landakot, kaldet Sct. Josephs Hospital, Kommunens Syge, som Fattigvæsenet har at sörge for, samt der at give Dem Ophold og Forplejning for 1-en-Krone daglig for almindelige Patienter, og for brystsyge Patienter, som önskes indlagte paa Balkonværelserne, for Kr. 1.50 pr daglig, og med ~~det~~ Forbehold at Forbindingssager betales særskilt, — forelagde jeg Fattigcommissionen i dennes Möde igaar, og har jeg nu den Ære at meddele den ærede Priorinde, at Fattigcommissionen er gaaet ind paa disse Vilkaar som en indtil videre bindende Overenskomst, der dog sælvfölgelig vil kunne opsiges fra begge Parters Side. —

Fattigcommissionen kan kun finde det hensigtsmæssigt, at Betalingen for Patienter, som ligge i lang Tid paa Hospitalet, erlægges efterhaanden ved Udlöbet af hvert Kvartal. —

P. Commiss. Vegne.

9/6. 05. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 22/6. 1905. – Sv. Jósef 23/6. '05.

Keflavík 10 júní 1905

Herra Landsyfirrjettardómari Kristján Jónsson, Reykjavík
Eins og yður er kunnugt frá hef jeg síðan fyrra(?) fengið frá ~~meðla~~ Reykjavíkurbæjarsjóði meðlag með barni okkar Dannhildar Jónsdóttir, meðlagið hefir verið árlega Kr 25

Nú hefir barn okkar verið fermt í vor af prestinum á Útskálum og það hefir náttúrlega haft venjulegan kostnað í för með sjer

mjer hefir nú dottið í hug að fara fram á það við yður að þjer vilduð nú mæla með því við fátækranefndina í Reykjavíkurbæ að hún greiddi mjer 1/3 af fermingartollinum sem er 4 ál og 1/3 af 12 Kr sem jeg verð að greiða í skólagjald fyrir barn okkar í vetur. Sömuleiðis ber mjer meðlag frá Nýjári til maí loka því hjer er meðlagsárið frá júní til júní, eftir því ætti Reykjavíkurbær að greiða mjer í meðlag frá Nýjári til 1 maí

| | |
|---|---|
| 2 Kr um mánuðinn samtals | Kr 10,00 |
| Skólagjald 4 Kr. | 4,00 |
| 1/3 af fermingartolli 2,32, | 2,32 |
| samtals | 16,32 |

Jeg treysti því að nefndin verði vel við kröfu minni og ekki síst treisti jeg yður til að tala máli mínu því jeg er fátækur maður og hef þar af leiðandi mesta þörf fyrir það

Virðingarfyllst

Jósep Oddsson

No. 21 á skrá 1904 Jósefína Jósepsdóttir (hjá Jósef Oddssyni), ársmeðlag kr 25,00.
af skrá 1905 er henni slept. –

Guðrún Ófeigsdóttir ? (№ 28). fundur 13/7-05.
Svar. bæjargjaldkera 15/7.05

Hjer með leifi jeg mjer virðingarfyllst að snúa mjer til hinnar heiðruðu fátækranefndar og biðja hana um að hækka meðlagið með teingdamóður minni Guðrúnu ?? Marteins dóttir. Þvi mjer er ómögulegt að halda hana fyrir sama meðlag þar sem henni fer óðum hnignandi sökum elli og lasleika. Jeg vildi leifa mjer að stinga uppá 10 krónum um mánuðinn og vonast jeg til að hin háttvirta nefnd áliti það ekki of mikið þar sem það eru rúmir 30 á dag. En jeg svo fátækur að jeg má ekkert missa af vinnu minni frá mjer og minum til framfæris.

Rádagerði við Reykjavik

12/7 05

Steffan Jóns son

Til Fatækranefnarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þ: 25/5. 05. ~~þurkað~~. – 8/6. – ~~þurkað~~ – ~~14~~

Reykjavík – /6 – 1905.

fundur 13/7. 05. –

25/5. Felið þeim Sigurði Einarssyni að semja. –

Jeg undir skrifaður hef nú haft sveitar þurfalinginn Jóruni Bjarnadóttir (Bergsveins ekkju) frá 1. október síðast liðið ár með 10 krónu með-lagi fyrir hvern mánuð

En nú gefst hinni hátt virtu fátækra nefnd Reykja-víku til vitundar að jeg get ekki haft hana lengur en til 1 Júni fyrir þettað áður nefnda með-lag

En vilji Fátækra nefndinn bæta við með lægið svo að það verði 17 krónur um mánuðinn frá 1 Júni þa skal jeg hafa hana

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á fram um óákvedinn tíma
en ella verdur fátækranefndin
ad sjá henni fyrir ödrum
veru stad frá 1 Júni
Jeg vildi helst ad nefndinn
vildi gjöra svo vel og láta ein-
hvern af nefndar mönnunum
finna Jóruni og spirja hana
um lidun sina hjá mjer. hvern
veg sem þettad mál fer

virdingar fylst

Haraldur. S. H. Jónsson
Grettis-götu 54.

til Fátækra-nefnda Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Meðtekið 8/6.05. – Fundur 22/6. 1905. – Bíður.
eptir fund. –
Fundur 27/7. 1905. – Meðlag ákveðið

Í tilefni af því að Jóhanna Guðmundsdóttir 62. ára gömul hefir dvalið hjá undirituðum síðan næstliðinn 14 maí. Tilkynnist hjer með hinni heiðruðu fátækranefnd í Reykjavík að nefnd stúlka liggur rúmföst veiki hennar er brjálsemi. Það er því þessvegna að jeg get ekki gjört reikning fyrir minna fyrir veru hennar en 70 aura á dag meðan hún dvelur hjá mjer frá þeim degi að hún kom.

Framnes við Framnesveg 8–6–1905

NB: Nr 1 á ómagaskrá.

Snæbjörn Jakobsen.

Kvenmanneskjan var komin fyrir hjá Snæb. frá 14. maí þ. á. fyrir 50 kr. ársmeðlag. –

Til Fátækranefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík 7. d. ágúst 1905.

Af styrk þeim, er veittur hefur verið utanbæjar-þurfamönnum úr fátækrasjóði yfirstandandi ár, hafa verið endurgoldnar þessar upphæðir:

1. Skuld Einars Jónssonar (Hvaráhlíðarhr.) kr. 33,00
2. —„— Guðlaugar Guðmundsdóttur (Rosmhvalaneshr.) „ 109,75
3. —„— Jóns Eyjólfssonar (Ytri-Akraneshr.) „ 40,00
4. —„— Þorsteins Þorbergssonar (af honum sjálfum) „ 20,00
5. —„— Magnúsar Dalhoffssonar (Neshr. ytri) „ 25,00
6. —„— Þórðar Bjarnasonar (Ytri-Akraneshr.) „ 40,00

Samt. kr. 267,75

Það tilkynnist hjermeð hinni heiðruðu fátækranefnd.

Ennfremur eru greiddar kr. 40,00 frá Vatnsleysustrandarhreppi til Guðm. hjeraðslæknis Björnssonar, fyrir læknishjálp handa Jóni Jónssyni.

Halldór Daníelsson.

Til

fátækranefndarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 14/8. '05. Tilkynnt Sigurdi 11/8. '05.
– – bæjargjaldkera 11/8. '05.

Þó jeg viti, ad margir af mönnum þeim, sem eru í Fátækranefnd-inni hér í Reykjavík, séu kunnugir högum mínum og heimilis ástæd-um, þá skal jeg samt leifa mér, hér med, ad skíra nefndinni í heild sinni frá því, í þeirri von ad hún taki þad til íhugunar

Þad er þá fyrst, ad jeg sjálfur er, sem kunnugt er, bædi fatladur og ad ödru leiti þrotinn ad þrótti og heilsu, og því algjörlega ómögulegur til allrar erfidisvinnu, en fæ ekkert til ad gjöra, sem jeg get, sízt um þetta leiti, nefnilega ad sumrinu til. Jeg hef nú sem stendur 6 manns í heimili, og þar af er þad konan mín ein, sem á ad heita, ad sé fær um ad vinna fyrir sér, en þó aft med veikum kröftum hitt eru Ómagar og arlakar, Vitanlega er nú gefin full medgjöf med sumum þeirra, en líka ekkert med sumum, og lítid med nokkr-um, t. d. Mér sjálfum eru lagdar af fátækra sjódi 6 kr um mánudinn í Húsaleigu og 5 Krónur til uidurvænis (fata og matar) en til þess nú ad géta haft þettad fólk undir hendi, verd jeg ad hafa húsplás sem kostar 10 kr um mánud hvern, jeg á svo sjálfur ad klædast og fædast af einni krónu um mánudinn, sýnist hinni heidrudu fátækranefd, þad ekki vera nokkud spaut skamtad?. Svo hef jeg 2ja ára gamalt barn undir hendi sem jeg ekkert hef fengid med nú í hér um bil heilt ár, en máske ad nefndinni þiki sér ekki koma þad vid. hinum þad. Svo hefur mér nú nýlega bætst madur á heimilid sem er Bjarni son-ur minn sem hefur legid á Landakots spítalanum, Hann er nú kominn til nokkurnveginn heilsu, en hann hefur misst annann fótinn, Svo er Jórunn Gamla, algjörlega blind, og Þórdur Magnússon, Örvita og fáráðlingur. Þar med er upptalid heimilis fólkid.

Ad endingu skal jeg svo leifa mér ad bidja fátækra nefndina, ad ad athuga þetta sem hér er sagt, og vona jeg þá, ad hún finni ástædu til ad bæta kjör mín á einhvern hátt, þó ekki sé nema til brádabyrgda.

Laugaveg 61, 10 August 1905
med virding Sigurdur Eiríksson

Til Fátækranefndarinnar
í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 10/8. '05.

Reykjavik 8/8 1905

Til Fátækranefndarinnar
í Reykjavíkur

Sem komnt brjefi frá ydar
Dag sett 28 Júlí 1905 um
ad Jeg leggi til nokkud
af þeim styrk sem Tengda
fadir minn Halldór Jónsson
for Eptirleidis þessari heidri
nefndarinnar svara Jeg þannig
ad Jeg Ólg ísak Benidiktsson
Otla mjer ad annast um
nefndan Halldór Jónsson
ad öllu leiti á minn Kostnad
frá 1 Janúar 1906

Virdingarfyllst

Ólg ísak Benidiktsson
Veitinga madur
[illegible] Reykjavik

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 27/8.05. –
4 kr. · ágrist Benediktsson · 28/7.05.

108 kr (№ 14)
36 –
+

Jeg undirskrifaður leyfi mjer hjer með að fara þess á leit við hina háttvirtu Bæjarstjórn Reykjavíkur, hvort henni þóknaðist ekki, að bæta 3 kr. um mánuðinn við þær 10 og 12 kr. sem jeg undanfarin ár hefi fengið úr Bæjarsjóði, því jeg sje mjer ekki fært að lifa á þeim framvegis, og borga húsaleigu. Jeg er eins og kunnugt er heilsulaus aumingi, sem að engu leiti get stýrt lífs-framdrátt mínum.

Þjóðbjörg, sem undanfarin ár hefur hefur hjálpað mjer til lífsins í aumingjaskap-minum er nú orðin gömul og farlama, og að líkindum virðist hafa nóg með að lifa fyrir sig, þess utan hefur hún að nokkru leiti misst þá litlu atvinnu, sem hún hefur haft undanfarin ár.

Reykjavík 16 Júlí 1905
Virðingarfyllst
Halldór Jónsson

Til Bæjar-fógetans Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundið 24/8. 05. tölu- 2.
25/8. 05. Ml. frá Bæj. Jóns. ...

Einsög meðfylgandi Amtsúrskurður með sér ber, þá er Björn Jónsson á Stöðlakoti í Reykjavík, dæmdur til að borga ársfúlgu 45 kr með óskilgetnu barni sínu og Hallbjargar Bjarnadóttur í Bjarnabæ í R.vík Sigurði að nafni, frá 27 Júlí 1903 til þess það er fullra 16 ára. — Barn þettað hefur verið til fósturs hjá mér, allt til þessa tíma, einsög kvittun konu minnar neðan á Amtsúrskurðinum sýnir (fyrir ársmeðlaginu til 27 Júlí 1904.) Á gjalddaga 27 Júlí 1905 fór hún aptur til bæjarfógéta, til þess að heffja áfallið ársmeðlag, enn sökum þess að þá var nefndur Björn Jónsson farinn af landi burt, þá hvað bæjarfógéti eigi fært að ná meðlaginu frá honum, sömu-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

leidis gat hann þess, að hann hefði reint að fá foreldra Bjarnar til að borga meðlagið með barninu; enn þaug hefðu neitað því.

Sökum framan og ofanskrifaðs, leyfi jeg mér hér með, að snúa mér til hinnar háttv. fátækranefndar í R.vík, og biðja hana að sjá um að jeg fái ársmeðlagið borgað af framfærslusveit Bjarnar n.l. Reykjavíkurbæ frá 27 Júli 1904 til sama dags 1905, og svo frammvegis, svo lengi sem þettað barn hjá mér dvelur. —

Jeg vænti fljótrar og góðrar greiðslu, háttv. nefndar fyrir máli þessu. —

Virðingarfyllst. —

Kvöldroðanum í Reykjavík 21 Aug 1905.

Þorsteinn Gamalíelsson

Til

Fátækranefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í Kveldr[illegible]

# Amtmaðurinn

## yfir Suður- og Vesturamtinu.

Kunngjörir: að vinnumaður Björn Jónsson í Stöðlakoti í Reykjavík, fæddur þar 3. nóvbr. 1884, skuli greiða með barninu Sigurði, sem er óskilgetinn sonur vinnukonu Hallbjargar Bjarnadóttur í Bjarnabæ í Reykjavík, og fæddur 27. júlí 1903, 45 kr. (fjörutíu og fimm) krónur árlega frá nefndum degi, og þangað til það er orðið fullra 16 ára að aldri, og skal upphæð þessi goldin 27. júlí ár hvert eptir á.

— " — " — " —

Hinar úrskurðuðu upphæðir má taka lögtaki hjá hlutaðeiganda samkvæmt tilskipun 14. oktbr. 1763 og lögum 16. desbr. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, 1. og 6. gr., ebr. opið bréf 28. oktbr. 1805, ef innheimtu er krafist í tæka tíð hjá sýslumanni eða bæjarfógeta í því lögsagnarumdæmi, þar sem barnsfaðirinn dvelur, og ef til kemur, láta hann afplána meðlögin, sem til falla þangað til barnið er fullra 10 ára að aldri, með einföldu fangelsi eptir nánari skipun háyfirvaldsins samkvæmt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

tilskipun handa Íslandi 26. júní 1869. um afplánun fésekta í öðrum málum, en saka-málum, sbr. lög 4. nóvbr. 1887 um aðför 18. gr.

Ennfremur hefir barnsmóðirin aðgang að dvalarsveit sinni um greiðslu meðlags samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum 12. janúar 1900, um meðgjöf með óskilgetnum börnum o. fl.

Úrskurð þennan skulu hlutaðeigandi stefnu-vottar birta fyrnefndum Birni Jónssyni, ókeypis, sbr. opið bréf 28. maí 1825 og kansellíbréf 27. oktbr. 1821, og svo framarlega sem hann skyldi vera hjú annars manns, skal úrskurður þessi sömuleiðis birtur húsbónda hans samkvæmt umburðarbréfi kansellísins 5. desbr. 1820.

Skrifstofu Suður- og Vesturamtsins Reykjavík.
13 Oktbr. 1903.

Þessu til staðfestu er nafn mitt og embættisinnsigli.

J. Havsteen.

Ár 1903. mánudaginn 19. október mánaðar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

höfum við undirskrifaðir eiðsvarnir stefnuvottar í Reykjavík birt framanritaðan Amtsúr=
=skurð fyrir Geirlaugu Björnsdóttir á lögheimili sonar hennar hjer í bænum Björns Jónssonar sem við ekki gátum hitt heima.
Þetta vottum við, samkvæmt stefnuvotta eiði okkar, og staðfestum, með nöfnum okkar og innsiglum.

Ókeypis
B. S.P.

B Björnsson Sigurður Pjetursson

Meðlagið til þessa dags Kr. 45.00 samkvæmt þessum amtsúrskurði hef jeg undirskrifuð kona Þorsteins Gamalíelssonar, sem hef barnið í fóstri, í umboði móðurinnar tekið á móti, og kvitta fyrir því.

Reykjavík 27. júlí 1904.

Guðrún Sigurðardóttir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Innk. 24/8. '05.

Heiðraða Bæar Nemd Reykavíkur

Þegar jeg fór seinast að sæka með Góf þá er jeg átti ótekna með Pjetr Friðrikssini fann jeg að eins Einn Ráðamann nemdarinnar og kvaðst hann Ekki uppá sitt Eindæmi voga að láta meira. Enn tólf krónur um manuðinn Enda þótt mier hilsti þettað lítið með því líkum ómaga hef jeg samt Ekki brjóst tilað hrekja hann í burtu í þettað sinn því það má hann Ekki heyra nemt að hann Eigi að fara þegar nemdin er búinn að Ráða þettað mál vona jeg að fá nokkrar línur til baka Ískoti 20/8 1905

Einar Einarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10/8. [illegible] Fundur 24/8. '05.

Bornádsdal 3 ágúst 1905

Hr. assesor Kristján Jónsson
Reykjavík

Jeg skal taka af ydur, Reik.
ómagann Pjetur Fidreksson
sem er í Öskoti,
fyrir 12 kr. um mánudinn
medan hann hefir sumu heilsu
og hann hefir nú, en ef hann
veikist þá eitthvad meira 60
aur. eda því um líkt, um daginn
þá bid jeg hann nokkud nidur
máti því sem jeg hef heyrt ad
veri tekid med honum, jeg get
gjarnan tekid hann á mitt
heimili strax ef vill, látid mig
vita med línu sem fyrst

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hvert þjer viljið þiggja til-
boð mitt, eða eitthvað um það.
Jeg bið yðar fyrir gefa.

Virðingarfyllst

Ólafur Þorsteinsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Pjetur Friðriksson ómagi, 22 ára,

hjá Einari í Ósurti:

upprunalega fyrir 100 kr. um árið,

síðan 10/11.'04. fyrir 24 kr. á mánuði = 288 kr. f. árið.

þarf að semja um meðlag af nýju. —

fundur 25/5.'05.

= Sk. bæjargjaldkera 9/6.05.

"meðlag hægt að eins 100 kr. - árlega"

~~Guðrún Friðriksdóttir, ómagi; Helgadal,~~

~~fyrir 30 kr. um árið 6/6.'05.~~

~~Ólafi Ólafssyni falið að semja um vanrétt og~~

~~meðlag með henni frá 6/6.'05.~~

~~fundur 25/5.'05.~~

Ósurti

Einar Einarsson, vill ekki halda Pjetur fyrir minna en

16 kr. um mánuðinn. 15/8.'05.

til næsta verdags. — — Kr. J.

Ákvað Einari 12 kr. um mánuðinn með Pétri frá

júnímánaðarbyrjun. (sbr. fund. í júní). —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herr Assessor Jonsson
Formand for Reykjaviks Fattigkommission

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

f. 14/9.'05.

Ellidakoti 7. sept 1905

Herra yfirdómari Kristján Jónsson!

Sem formanni fátækranefndarinnar í Reikjavík, vil eg senda idur þessar línur vidvíkjandi Gudbjarti Sigurdssini.

Eg get ekki sagt ad gedveiki hans hafi tekid neinni breitingu þó eg vilji vera laus vid hann af því, heimilisfólk mitt þolir hann ekki lengur. Hann sínir meiri óþægd núna, svo ad karlmadur verdur altaf ad vera í bænum en þad þoli eg ekki firir 1 krónu medlag. Sídan hann kom ad nedan úr Reikur fór sinni, hefur hann verid erfidari vidfangs, svo ad eg hvorki get né vil halldid hann firir minna en hálfa adra 1.50 krónu um dagin þenna mánud september, og ad honum lidnum, vil eg vera laus vid hann.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

því ég geri alsekki ráð firir að
mér verði mögulegru að hafa hann
þó ég flitji hann með mér ofnað
Vegamótum.
Fleira ekki um þetta.
Yðar með virðingu
Guðm. Magnússon

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

f. 14/9. '05.

15/9. '05. Skr. Frú Finsen.

Hjermeð leyfi jeg mjer undirrituð fyrir hönd þurfalingsins Guðnýjar Árnadóttur að fara þess á leit við hina heiðruðu fátækranefnd Reykjavíkur að styrkur sá er hún hefur notið um nokkur ár úr fátækrasjóði bæjarins verði framvegis hækkaður úr 7 kr. – upp í 10 kr. mánaðarlega, þar eð hún ekki getur lifað af 7 kr. vegna heilsuleysis og þar af leiðandi orðin ófær til allrar vinnu.

Reykjavík þ. 7. sept. 1905

Virðingarfyllst

María Finsen.

til

Fátækranefndarinnar í

Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundr 14/9. 05.

Húsaleigustyrkurinn er 4 kr. um mán. (48 árið). –
annar styrkur í ár frá 1/1.–31/3. 4×10 = 40 kr.

Með því ástæður mínar eru mjög erfiðar einsog hinni heiðruðu fátækranefnd mun kunnugt, þar sem jeg hef 10 manns í heimili, og hefi mjög lítið og óhollt leiguplás; sem jeg að öllum líkindum missi þá og þegar, og býst ekki við að geta fengið nokkurstaðar leiguplás fyrir fjölskyldu mína fyrir minna en 8 kr. um mánuðinn, neyðist jeg til að snúa mjer til hinnar heiðruðu nefndar að hún hlutaðist til um að jeg fengi hækkaða þá hjálp er hún hefur veitt mjer undanfarið upp í 8 krónur, því vinnulaun mín hrökkva valla fyrir fæði og klæðnaði á fjölskyldu mína (7 börn og gamalmenni)

Æskilegt væri að hinni heiðruðu fátækranefnd mætti þóknast að gefa mjer vitneskju um hvers eg mætti vænta í þessu efni. –

Reykjavík, (Laugaveg 37) 5/9 1905

virðingarfyllst

Kristján Sæmundsson

Til

Fátækranefndar Reykjavíkur. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg hefi nýlega skoðað Jón Jósepsson. Hann er einn <u>bjálaður</u>, engu betri en aðrir, annað ekki að honum.

Rv. 18/2 1905

G. Björnsson

Vet.

© Borgarskjalasafn Reykjavikur

f. 25/5. '05.

Ákveðið, að Einar Sigurðsson haldi Jón Theodór Jósefsson júnímánuð fyrir 35 kr., húsaleiga meðtalin. —

f. 22/6. 05.

Ákveðið 30 kr. meðlag um mánuðinn fyrst um sinn frá 1. júlí þ. á.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg undirritaður skoðaði geðveikis-sjúklinginn Jón Theódór Jósepsson á Laugaveg 54 í dag. —
Eigi fjekkst sjúklingurinn til þess að tala neitt við mig eða húsbóndann sinn Einar Sigurðsson. Hann vill helzt einlægt liggja uppi í rúmi, sefur mikið, og vætir rúmið mjög, eins og jeg sá ótvíræð merki til.
Hann hefur núna upp á síðkastið versnað að ýmsu leyti, t. a. m. jetur hann saurinn úr sjer, þegar hann getur, eptir því sem þau Einar og kona hans skýrðu mjer frá, og kvarta þau sáran undan að passa hann.
Sjúklingurinn er heldur sljóvur að sjá, en skilur þó hvað menn segja. Matarlyst hefur hann góða, að því er mjer var sagt.

Rvík 17/7 1905

G. Björnsson
læknir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 14/9. 05. –

Hér með leyfi eg mér að tilkynna hinni háttvirtu fátækrastjórn Reykjavíkurbæjar, að eg hef í dag komið á heimili Árna bókbindara Jóhannessonar í Stöðlakoti og skoðað þar það sem til er. Er þar skjótt af að segja, að á því heimili er allslaust af öllu því, sem þarf að hafa til lífsviðhalds.

Reykjavík, 31. ágúst 1905

Davíð Jóhannesson

31/8. 05: Veittur styrkur 25 kr.

K. J.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundr. 14/9. 05.

Litlabakka við Brunnstíg
12/9 – 05

Þar sem eg undirritaður er vegna ellilasleika orðinn alveg ónýtur til vinnu og hef nú ekkert við að styðjast nema tillag það er þjer skaffið mjer sem er 15 kr. um mánuðinn og með því einu er eingin leið að jeg geti komist af því eins og hver maður getur sjeð þá er það ómögulegt að um 10 kr. – þar eð 5 kr. þarf eg fyrir eldivið og olíu – geti dugað til allra annara þarfa handa fjórum mönnum um mánuðinn eða sama sem kr. 2,50 á mann

Um næstu mánaðarmót þarf eg að sjálfsögðu að koma drengjunum í barnaskólann og er

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mjer þad ekki hægt ~~sakir~~ eins
og stendur vegna kladleisis

Verð eg nú af nefndum ástæðum
ad fara þess á leit ad bidja hina
háttvirta ~~bæjarstjórn~~ fátækra-
stjórn ásjár og hækka tillag
mitt tafilega eda svo ad jeg
geti komist af med þad.

Med virdingu
Jón Gudmundsson

Til
Fátækrastjórnarinnar
í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

28/8

Fundur 14/9.'05.

Ekki sinnt að heiman.

Hjer með tilkynnist að konan Þuríður Magnúsdóttir sem til mín fluttist í öndverðum júlímánuði síðastl. austan af Seyðisfirði, er ekki lengur mitt hjú, þar eð hún hefur látið í ljósi ótvírætt að hún þurfi alls enga hjálp frá minni hendi, en um það var mjer ekki kunnugt og hefði þá að líkindum alls ekki tekið á móti henni.
Hún hefur barn með sjer Þóru Magneu Hallgrímsdóttir að nafni sem jeg ætlaði að annast fyrir hana ef hún ynni eptir því sem henni væri hægt hjá mjer eða í mínar þarfir upp í meðgjöfina með barninu, ennfremur hefur hún kvartað yfir því, að hún hefði svo mikið að gjöra hjá mjer þrátt fyrir það þó hún hafi ekki þurft annað að gjöra en algeng heimilisstörf og það á umfangslitlu heimili eins og hjá mjer er. af þessum ástæðum verður barnið að fylgja henni, enda skilur hún það ekki við sig ótilneydd, sem ekki er nú láandi.

Til skýringar því, hvernig á því stendur að ofan nefnd kona Þuríður Magnúsdóttir og barn hennar eru hingað komnar:
Jeg hafði lofað manni hennar Hallgrími Egilssyni sem fluttist á Holdsveikra hælið á Laugarnesi í sumar að veita þeim mæðgum móttöku til þess að gera honum lífið ljettara, þó með því skilyrði að hann gæti sannað mjer að engin hætta fyrir aðra gæti stafað af því hvað heilsu þeirra snerti þó þær byggju saman við heilbrygðt fólk, og eptir að það reyndist að áliti læknis (Sæm. Bjarnh. sonar) hættulaust þá tók jeg á móti þeim. Um bæjarleyfi hafði hún ekki sótt og varð hún því að gefa sig í hjúastöðu og taladist þá svo til að hún rjeðist hjá

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mjer um óákveðinn tíma samkvæmt því sem áður er tekið fram. Jeg tilkynnti það þá þegar á skrifstofu bæjarfógeta komu þeirra mæðgna til mín framannefnda konu sem hjú mitt, en barnið til uppfósturs, um það hafði jeg ekki getið við móðurina, og þykir mjer mikið fyrir að sleppa af barninu en þar verða að sjálfsögðu að fylgjast að.

Það skal tekið fram að jeg hefi lofað henni að hún mátti vera í húsi mínu fyrst um sinn til 1 októ́ber næstkomandi án þess að semja um húsaleigu, — ef hún fengi að vera hjer í bænum átalin af bæjarstjórninni eða bæjarfógeta, en eptir þann tíma þarf að semja við mig um húsaleigu ef hún yrði nokkuð lengur. Mjer er ekki vel kunnugt um ástæður konu þessarar en jeg hafði álitið að hún gæti naumast komið sjer áfram með barni í eptirdragi án þess að þyggja af öðrum áður en langt um liður og af þeirri ástæðu hafði jeg tekið hana, en með því hún hefur ekki viljað kannast við það og jafnframt sleppt því fram að Seyðisfjarðar hreppur mátti þá annast sig ef hún þyrfti hjálpar við, þá vil jeg ekki vera að þrengja uppá hana aðstoð minni.

Reykjavík h 26 ágúst. 1905
Þorsteinn Egilsson

Til

Bæjarfógetans í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Framanritað erindi sendist hinni heiðruðu fátækranefnd til athugunar.

Bæjarfógetinn í Reykjavík 28. ágúst 1905

Halldór Daníelsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mótt. 14/9.05.

f. 14/9.05. Ekki bókað.

Samkvæmt umtali við herra fátækrafulltrúa Samúel Ólafsson söðlasmið, þá býðst eg hérmeð til að taka 2 ómaga af honum, ef um semur með meðgjöf þeirra og þvíumlíkt, fyrst um sinn, frá 1. Október til 14. maí næsta ár.

Hvort að hin háttvirta fátækranefnd Reykjavíkur vill taka þetta tilboð mitt til greina eður ekki, vildi eg óska að fá sem allra fyrst vitneskju um.

Reykjavík 7. Sept. 1905

Einar Sigurðsson
(Laugaveg 54)

Til

fátækranefndarinnar

í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til ath. –

Hábæ í Vogum 8/9 – 05

Herra yfirdómari Kristján Jónsson
Reykjavík.

Samkvæmt ósk yðar ~~[illegible]~~ læt eg yður hér með vita að barnið Kristján Ó. Christjansson sem sent var þurfamanna flutningi frá Reykjavík til Vatnsleysustrandar-hrepps í dag er komið til mín með heilu og höldnu og mun eg bráðlega koma því á þann stað sem því hefir verið fengin vist á.

Virðingarfylst.

Asm. Árnason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vatnsleysustrandarhreppur.-

16/5.05 mætir vinnukonan Guðrún Magnúsdóttir fyrir fátækranefnd-arinnar, og segir til sveitar barn sitt óskilgetið Kristján Ólaf, er fæddist 15. apríl þ. á.- Faðirinn Christian Christophersen, norðmaður, er hún hitti á Mjóafirði í fyrra. Veit eigi, hvar hann er nú.-

Barninu hefur hún komið fyrir til 14. júní næst. þ. á. hjá hjónunum Sveinbirni Jónssyni og Gunnu Ásmundsdóttur á Skólavörðustíg fyrir 3 kr. um vikuna.-

Guðrún Magnúsdóttir er 23 ára að aldri; fædd á Ásláksstöðum á Vatnsleysuströnd. Faðir hennar var Magnús Árnason á Ásláks-stöðum, og síðar á Holti á Vatnsleysuströnd, nú dáinn, og móðir hennar, kona Magnúsar, var Halldóra Ólafsdóttir, nú á Þingeyri við Dýrafjörð hjá syni sínum.—

Guðrún fór c. 12 ára að Mýrum í Dýrafirði; og var fyrir vestan, í Dýrafirði og á Patreksfirði, þangað til haustið 1903. Þá kom hún til Reykjavíkur. Var vinnukona hjá Ögmundi Guðmundssyni í Grettisgötu þá þar um haustið 1903 til vordaga 1904; Krossmessuárið 1904-05 var hún vinnukona hjá Guðjóni Jónssyni á Bergstaðastíg; á krossmessu 1905 fór hún vinnukona til Sigurðar [illegible] kaupmanns; árskaup 50 kr.-

Fundur 25/5. 05.-
skr. bæjarfógeta 17/5. 05. að krefja Vatnsleysustrandarhr. viðurkenningar.
— — sama aftur 26/5. 05.-
f: 22/6. 05.- skr. bæjarfóg. 23/6. 05.
skr. bæjarfógeta 5/9. 05. beðið um vegabréf.—

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur